



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Alsherjar og menningarmálanefnd

Reykjavík 7. Maí 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum

Bandalag íslenskra listamanna styður þá breytingu að felt verðu úr gildi 95. grein almennra hegningarlaga sem kveður á um viðurlög við móðgun við erlenda þjóðhöfðingja.

Það er alveg ljóst að listamenn telja að ákvæði sem þetta, 95. grein hegningarlaga, skilyrði rétt til þeirra til tjáningar með þeim hætti að ekki sæmi í nútíma vestrænu samfélagi. Jafnvel þó listamenn telji að allir sómakærir stjórn mála- og fyrirmenn myndu aldrei beita þessu ákvæði þá er það engu að síður til staðar og möguleikinn kann að skapast.

Tölur sem alþjóðleg samtök listamanna halda utan um, sýna að fangelsanir og bannfæringar stjórnvalda gagnvart listamönnum, eru að aukast og þá erum við að tala um lönd sem við teljum til okkar menningarsvæðis sem skilgreina tjáningarfrelsi og lýðræði sömu rökum og við.

Í grunnin er það almenn skoðun listamanna að engum þvingunum verði komið á skoðanir, listamenn viðurkenna rétt allra til að tjá skoðanir sínar skilyrðislaust um leið og þeir áskilja sér rétt til að andmæla þeim.

F.h. Bandalags íslenskra listamanna

Erling Jóhannesson